

## 63. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að 10000.00 krónum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Kópavogs.

## 64. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948 og lög nr. 95 17. desember 1952, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 13. febrúar 1964.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja,  
nr. 273 30. desember 1950.**

## 1. gr.

41. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tannlæknum er heimilt að ávísar sjúklingum sínum lyfjum, sem eingöngu eru ætluð til notkunar útvortis.

## 2. gr.

42. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tannlæknum er heimilt að ávísar sjálfum sér til þess að nota við störf sín:

- a) staðdeyfilyfjum, sem skráð eru í gildandi lyfjaverðskrár, til þess að deyfa með tennur, tannhold eða kjálka,
- b) svæfingarlyfjum, sem skráð eru í gildandi lyfjaverðskrár,
- c) injectabile adrenalini, injectabile nicethamidi, injectabile oxedrini, injectabile pilocarpini og vitrella amylii nitritis,
- d) topicinum og tilsvarendi sérlyfjum,
- e) þeim lyfjum, sem greind eru í 43. gr., en án takmarkana á magni, er þar ræðir,
- f) lyfjum, sem eingöngu eru ætluð til útvortis notkunar.

## 3. gr.

43. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tannlæknum er heimilt að ávísar sjúklingum sínum inntökulyfjum, svo sem greint er hér á eftir. Um afvegna lyfjaskammta gildir, að eigi má ávísar fleiri en 25 í senn.

Guttae nicethamidi.

Nystatinum og tilsvarendi sérlyfjum.

Oxytetracyclinum og tilsvarendi sérlyfjum.

Penicillinum, samböndum þess og tilsvarendi sérlyfjum.

Pilulae atropini minores.

Solutio natrii fluoridi 0,5% til tannpenslunar.

## Tablettae allypropymali.

- capacetyli.
- carbromali.
- codamidi.
- codazoni.
- codeimagnyli.
- codeimagnyli non obsitipantes.
- codeipheni.
- codeipheni non obstipantes.
- coffazini.
- coffiplex.
- enhexymali.
- glutethimidi (Doriden 250 mg).
- hexemalcalicii.
- meprobamati.
- methylatropini.
- methylscopolamini.
- natrii fluoridi 0,55 mg.
- oxedrini.
- phenemali.
- pentymali.

Tetracyclinum og tilsvarendi sérlyfjum.

## 4. gr.

44. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tannlækni er óheimilt að skipa svo fyrir á lyfseðli, að gefinn sé stærri skammtur (einstakur skammtur eða dagskammtur) af lyfjum þeim, sem greind eru í 43. gr., en nemi hámarksskammti samkvæmt gildandi lyfjaskrá.

## 5. gr.

45. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lyf þau, sem greind eru í 43., má aðeins láta úti einu sinni gegn sama lyfseðli, útgefnum af tannlækni, og skal merkja slíkan lyfseðil fullnægjandi ógildingarmerki strax og lyfið er fullbúið til afhendingar.

## 6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lyfsöslulögum, nr. 30 29. apríl 1963, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. janúar 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*